

# STJÓRNARTÍÐINDI A 21 – 1996

Nr. 121

402

8. nóvember 1996

## AUGLÝSING frá forsætisráðuneytinu.

Davíð Oddsson forsætisráðherra er á förum til útlanda. Í fjarveru hans gegnir Friðrik Sophusson fjármálaráðherra störfum forsætisráðherra um stundarsakir, en í fjarveru hans Halldór Blöndal samgönguráðherra.

*Forsætisráðuneytinu, 8. nóvember 1996.*

F. h. r.  
Ólafur Davíðsson.

Nr. 122

13. desember 1996

## LÖG um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, og lögum nr. 79/1996, um breytingu á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. Á eftir orðunum „að undanteknum“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: sumarhúsum og.
- b. Á eftir orðunum „í dreifbýli“ í 5. mgr. kemur: og sumarhús.

2. gr.

Í stað „0,74%“ í 1. gr. laga nr. 79/1996, um breytingu á 8. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, kemur: 0,77%.

## 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laga nr. 79/1996, um breytingu á 23. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga:

- a. Í stað „11,95%“ kemur: 12,04%.
- b. Í stað „11,15%“ kemur: 11,24%.

## 4. gr.

Í stað „IV. kafla“ í 1. mgr. 25. gr. laganna kemur: III. kafla.

## 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði III til bráðabirgða í lögnum, sbr. 7. gr. laga nr. 79/1996:

- a. Í stað „11,9%“ í 4. mgr. kemur: 11,99%.
- b. Í stað „11,1%“ í 4. mgr. kemur: 11,19%.
- c. Í stað „0,73%“ í 5. mgr. kemur: 0,75%.

## 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 13. desember 1996.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Páll Pétursson.*

## AUGLÝSING

### um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, fór til útlanda í dag.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytinu, 18. nóvember 1996.*

**Friðrik Sophusson.**

---

*Kristján Andri Stefánsson.*